

119

29. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Rétt til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða eiga allir, karlar og konur, sem:

- 1) eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram,
- 2) eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
- 3) eru fjárráðir,
- 4) hafa óflekkað mannorð,
- 5) hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal þá tafarlaust leiðrétta kjörskrár í öllum kaupstöðum landsins til samræmis við ákvæði laga þessara.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 29. desember 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*